

Dags. 11.11.2010

## Fundargerð brunavarnarnefndar - 11.11.2010

Annar fundur í sameiginlegri brunavarnarnefnd Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps, haldinn á skrifstofu Þingeyjarsveitar á Laugum þann 11. nóvember 2010, kl 16:00.

Mætt voru: Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri, Arnór Benónýsson formaður, Hólmgeir Hallgrímsson og Þórunn Jónsdóttir í forföllum Helgu Erlingsdóttur.

1. Formaður setti fund, bauð menn velkomna og gerði grein fyrir efni fundarins sem er fyrirkomulag og rekstur nýs slökkviliðs og tillögur nefndarinnar þar að lútandi til gerðar fjárhagsáætlana sveitarfélaganna. Ennfremur þarf að huga að gerð erindisbréfs.

2. Lagður fram til kynningar samningur milli Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar um samrekstur slökkviliðs og eldvarnaeftirlits. Einnig var lögð fram starfslýsing slökkviliðsstjóra í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit.

3. Slökkviliðsstjóri lagði fram yfirlit yfir liðskönnun mannafla í slökkviliði Þingeyjarsveitar og slökkviliði í Mývatnssveit. Að höfðu samráði við mannaflann standa eftir 28 menn sem tilbúnir eru til starfa í slökkviliði auk mannafla í varalið. Slökkviliðsstjóri fór yfir ýmis atriði varðandi mannahald og æfingar. Nefndin er sammála um að nauðsynlegt sé að virkja þann mannafla sem er til taks og telur æskilegt að hver slökkviliðsmaður fái fastar greiðslur.

*Brunavarnarnefnd leggur til við sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar að komið verði á fót, sameiginlegu hlutastarfandi slökkviliði sem samanstandi af 28 slökkviliðsmönnum, slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Nefndin gerir að tillögu sinni að varaslökkviliðsstjóri verði ráðinn úr Skútustaðahreppi. Nefndin leggur til að liðsmenn, aðrir en slökkviliðsstjórar, fái 10.000 kr. þóknun á mánuði og undir þá greiðslu falli tvær æfingar í mánuði, níu mánuði ársins auk útkalla allt árið. Þannig gerir nefndin ráð fyrir allt að 5 milljón króna kostnaði til að standa straum af þessari breitingu í mannahaldi.*

4. Slökkviliðsstjóri lagði fram yfirlit yfir búnaðarþörf slökkviliðs auk kostnaðaráætlunar. Þar er talin þörf á slökkvigöllum og öðrum búnaði fyrir 20 slökkviliðsmenn, samtals um 2.254.000. Einnig er talin þörf á búnaði til að tryggja fjarskipti reykkafara en kostnaður er þar um 100.000 á mann utan við talstöð. Slökkviliðsstjóri áréttaði þörf fyrir ýmsan búnað, ekki síst öryggisbúnað og fór yfir ýmis atriði varðandi rekstur slökkviliðs almennt. Nefndin er sammála um nauðsynlegt sé að forgangsraða í kaupum á búnaði og að búnaður er varði öryggi slökkviliðsmanna þurfi að sæta forgangi.

*Brunavarnarnefnd leggur til við sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar að lagt verði til fjármagn til kaupa á öryggisbúnaði fyrir slökkviliðsmenn allt að 3 milljónum króna. Um er að ræða hlífðarbúnað og fjarskiptabúnað.*

5. Nefndin lítur svo á að framangreindur kostnaður vegna mannahalds og kaupa á öryggisbúnaði, skiptist milli sveitarfélaganna skv. 5 gr. samnings milli sveitarfélaganna um samrekstur slökkviliðs og eldvarnareftirlits, enda er það skilningur nefndarinnar að kostnaður vegna mannahalds, öryggisbúnaðar slökkviliðsmanna og annars nauðsynlegs tækjabúnaðar liðsins teljist til sameiginlegs rekstrakostnaðar. Þar fyrir utan standa húseignir og bifreiðar sbr, 6. gr. samnings.

6. Rætt um erindisbréf nefndar, ákveðið að fresta vinnu til næsta fundar auk þess sem formanni var falið að afla upplýsinga um kostnað á síðast liðnu ári, vegna slökkviliðs og brunavarna í hlutaðeigandi sveitarfélögum fyrir næsta fund.

Fleira ekki bókað, fundi slitið 18:30  
Þórunn Jónsdóttir